

## Fundargerð aðalfundar 2021

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. árið 2021 var haldinn í Þjóðarbókhöllu á Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni, Arngrímsgötu 3, 107 Reykjavík, 19. maí 2021 kl. 14:30. Mættir voru fulltrúar 11 hluthafa sem eiga 83,43 % hlutafjár og lögðu þeir fram umboð sín. Fundurinn kaus Erlu S. Árnadóttur, hrl., fundarstjóra og Stefaníu Gunnarsdóttur, ritara. Fundarstjóri lýsti því að löglega hafi verið til fundarins boðað og fundurinn væri sóttur af hluthöfum er fara með tilskilið magn hlutafjár. Væri fundurinn því lögmætur.

Dagskrá fundarins var skv. samþykktum félagsins og voru mál tekin fyrir sem hér segir:

1. Viktor Jens Vigfússon, stjórnarformaður, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi undanfarins árs.
2. Sveinbjörg Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri, fór yfir ársreikning fyrirtækisins en hann var sendur til allra hluthafa fyrir fundinn.  
Ársreikningurinn var samþykktur.
3. Ekki lágu fyrir tillögur um breytingar á samþykktum.
4. Fram kom tillaga um eftirfarandi aðalmenn og varamenn í stjórn félagsins:
  - Viktor Jens Vigfússon (kt. 200767-4039), stjórnarmaður.
  - Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (kt. 130255-2059) stjórnarmaður.
  - Pálína Magnúsdóttir (kt. 151163-7269) stjórnarmaður
  - Kristjana Hreiðarsdóttir (kt. 151163-7269), stjórnarmaður.
  - Guðrún Birna Finnsdóttir (kt. 270270-3609), varamaður í stjórn.
  - Stefanía Gunnarsdóttir (kt. 311071-5219), varamaður í stjórn.

Fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins gerði þá athugasemd að kynjahlutföll væru ekki lögum samkvæmt. Stjórn félagsins kom þá fram með þá tillögu að kosningu stjórnar yrði frestað til framhaldsaðalfundar. Var sú tillaga borin undir fundinn og samþykkt einróma.


Þá var gerð tillaga um að Ríkisendurskoðun yrði kjörinn endurskoðandi, og var tillagan samþykkt.


5. Lögð var fram tillaga um að hagnaður af rekstri ársins 2020 gangi til uppbyggingar og eflingar félagsins, eins og ráð er fyrir gert í samþykktum þess. Samþykkt einróma.
6. Lögð var fram tillaga um að þóknun til stjórnarmanna frá aðalfundi 2021 til aðalfundar 2022 hækki um 5% og verði því kr. 33.075 á mánuði en stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð. Þá var lagt til að Ríkisendurskoðun yrði greitt skv. reikningi. Tillagan var samþykkt samhljóða.
7. Önnur mál.  
Sveinbjörg kvaddi sér hljóðs og færði Halldóru Jónsdóttur blómvönd og þakkir fyrir setu sem varamaður í stjórn frá 2014. Karli Guðmundssyni var einnig þakkað fyrir stjórnarstörf til 20 ára og góða vinnu fyrir félagið.

Framhaldsfundur verður boðaður sérstaklega af stjórn félagsins.

Fundurinn fól fundarritara og fundarstjóra að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið kl. 15.30.

  
Erla S. Árnadóttir

  
Stefanía Gunnarsdóttir